

Nr. 18 029 S 018 Samskip Hoffell**Gámar falla úr skipskrana**

IMO.nr. 9196943
Útgerð: Samskip, Navtech.
Skráning: Rotterdam, Holland, PCLT.
Smíðaður: Kína, 2000
Stærð: 4,454 GT 5,536 DWT
Mesta lengd: 100,6 m
Breidd: 18,8 m Dýpt: 5,8 m
Vél: MAN 9L 32/40.

Gögn:
Gögn RNSA



Samskip Hoffell © Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. febrúar 2018 var Samskip Hoffell við bryggju á Grundartanga. Veður: A 7 - 10 m/s.

Um klukkan 08:30 voru skipverjar að að losa gáma á framlúgum með skipskrana.

Gámarnir voru tómir og það verklag notað að þrír gámar voru hífðir í einu og festir saman með „twistlock“ gámafestingum. Í einni hífingunni, þegar fremri kraninn var kominn með eina gámastæðuna yfir bryggjuna, slitnuðu gámafestingar undir efsta gámnum svo að tveir neðri gámarnir féllu á bryggjuna úr 7 – 8 metra hæð (sjá mynd).

Við rannsókn kom fram:

- að kraninn var af gerðinni NMF type: PLK 40024,8 með SWL (*Save Working Load*) 40 tonn;
- að gámaskórnir sem festu saman gámana voru af gerðinni MacGregor CV-20;



- að gámar af þessari gerð eru 2.180 kg þannig að 4.360 kg voru undir efsta gámnum;
- að gámaskór af gerðinni CV-20 eru gefnir upp frá framleiðanda með SWL (*tension*) 25.493 kg;
- að hvorki skipaafgreiðslan, sem var með tvo menn á bryggju, né útgerð hafði samþykkt þetta vinnufyrirkomulag skipverja þ.e. að hífa þrjá gáma í einu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.